

Alþingi
Erindi nr. P 125/1112
komudagur 21.3.2000

20/3/00

Umhverfisnefnd
Alþingi
150 Reykjavík
fax 5630610

Orkuveita Húsavíkur fékk frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum til umsagnar. Orkuveita Húsavíkur tekur undir athugasemdir sem SAMORKA félag orkufirirtækja gerir. Auk athugasemda Samorku gerir Orkuveita Húsavíkur athugasemdi við öll þau smámál sem virðist þurfa að senda til skipulagsstjóra, samanber viðauka 2. Ef viðauki 2. er samþykktur óbreyttur getur hann haft mjög slæmar afleiðingar í hinum dreifðu byggðum landsins.

Helstu liðir sem hafa áhrif á rekstur Orkuveitu Húsavíkur í viðauka 2 eru:

2c.

Heitt vatn sem Orkuveita Húsavíkur notar kemur frá þekktu hverasvæði í nágrenni Húsavíkur. Orkuveitan nota nú tvær borholur sem gefa samtals um 95 l/s af 125 °C heitu vatni. Verið er að leggja nýja hitaveituæð, sem flytur um 150 l/s (80 MW í hráorku). Heildar kostnaður við þetta verk er 820 millj. Skipulagsstjóra er með þessu frumvarpi heimilt að gera athugasemdir við áframhaldandi boranir og vinnslu á svæðinu og hindra Orkuveituna í að nýta þessa fjárfestingu.

3a.

100 kW rafstöð og 2500 kW vinnsla á hrávarma eru mörk sem eru algjörlega óásættanleg. Afl tveggja lághitahola sem Orkuveita Húsavíkur nýtir er 50.000 kW af hrávarma. Einnig eru mörkin um 100 kW í raforkuframleiðslu allt of lág. Ekki má lengur setja upp smá rafstöðvar 0-2000 kW án samráðs við skipulagsstjóra. Díselvélar Orkuveitu Húsavíkur eru í dag 500-800 kW. Færa þarf þessi mörk upp í 2000-4000 kW. Sennilega þarf vottorð frá skipulagsstjóra í hvert skipti sem skip siglir inn í landhelgi Íslands. Rafmagnsframleiðsla íslenskra frystiskipa er á bilinu 500-3000 kW.

Orkuveita Húsavíkur
Hreinn Hjartarson.